

# Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## Skipulags- og umhverfisnefnd - 19.11.2012

22. fundur 19. nóvember 2012 kl 10:00-12:00

Fundarstaður: Hótel Reykjahlíð.

### Fundarmenn:

Eyrún Björnsdóttir, varaformaður

Birgir Steingrímsson

Pétur Snæbjörnsson

Karl E. Sveinsson

Kristján Stefánsson (Varamaður Margrétar Hólm)

### Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

### 1. Deiliskipulag Reykjahlíðar. Kynning á skipulagslýsingu og deiliskipulagstillögu. S20120901

Tekið fyrir að nýju erindi dags 6. september frá Pétri Snæbjörnssyni í umboði eigenda Reykjahlíðar 1, 2, 3 og 4 og Reynihlíðar þar sem hann óskar eftir endurnýjaðri heimild sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulag af Reykjahlíð skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Anna Margrét Hauksdóttir, arkitekt frá AVH kemur á fundinn og gerir grein fyrir skipulagslýsingu og tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu.

*Skipulags- og umhverfisnefnd vill benda á eftirfarandi atriði í stefnu sveitarstjórnar í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023:*

- Ákvæði verði sett í deiliskipulag sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s.s. um umfang, form, efni, útlit og litaval bygginga.
- Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal sporna við frekari nýbyggingum, öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsaþyrpingum sem þar eru fyrir.
- Stefnt er að því að byggðin í Reykjahlíð verði samfelld eftir því sem kostur er. Með nýbyggingum verði leitast við að bæta ásýnd og yfirbragð þéttbýlisins.
- Huga skal sérstaklega að ferlimálum fatlaðra við skipulag og framkvæmdir, m.a. við útfærslu og framkvæmd stígakerfis þéttbýlisins.

*Þá bendir nefndin einnig á að skv.3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þarf að leita umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila og kynna skipulagslýsinguna fyrir almenningi áður en endanleg deiliskipulagstillaga verður tekin til meðferðar í skipulags- og umhverfisnefnd.*

## **2. Merkingar og tjaldsvæði utan skipulagðra svæða**

S20121101

Pétur Snæbjörnsson hefur óskað eftir að eftirfarandi mál verði tekin til umræðu í skipulags- og umhverfisnefnd:

**Tjaldstæði utan skipulagðra tjaldstæða.** *Í tillögu að aðalskipulagi eru ákvæði um að tjöldun á víðavangi sé óheimil, sama ákvæði er í verndaráætlun UST og í reglugerð um verndun Laxár og Mývatns. Þrátt fyrir þetta er þetta stöðugt og mjög vaxandi vandamál, enda ekkert eftirlit með því. Ræða þarf hver á að hafa eftirlit með þessu, hvort og hvaða refsingum er hægt að beita og hvaða úrræði eru til að eyða þessu vandamáli. Sérstaklega þarf að huga að þætti landeigenda í málinu, þekki ég landeigendur hér rétt finnst þeim örugglega að þeir megi heimila tjöldun á sínum löndum hvað sem öllu skipulagi og reglum líður. Ekki er, held ég, deilt um að þeim er heimilt að leyfa tjöldun á túnum og einkalóðum en þegar um víðavang er að ræða koma önnur sjónarmið til álita. Grjótagjá er gott dæmi um þetta. Þar gistir fjöldi manna allar nætur, hvorki með aðgang að salernisaðstöðu né köldu vatni. Er það einkamál landeigenda eða varðar þetta sveitarfélagið og eftirlit með umgengi innan marka þess.*

**Merkingar:** *Þetta á við um almennar vegamerkingar, svo sem leiðir á áfangastaði, stöðvunarheimildir, bílastæðaheimildir og þess háttar, auk göngu-, hjóla-, og reiðleiða. Það er algengt að gestir Mývatnssveitar stöðva ökutæki sín á ólíklegustu stöðum til að rýna í kort til að finna rétta leið, það er einnig algengt að ökumenn stöðva vegna þess að útsýni eða aðrar náttúrulegar aðstæður heilla þá. Þetta veldur oft á tíðum mikilli hættu. Nokkrir opinberir áningarstaðir eru alls ekki merktir svo sem við Geitabrekku og þar hafa orðið árekstar og slys vegna þess að vegfarendur vissu ekki um áningarstaðinn handan við hornið. Við lónið í Bjarnarlagi er oft á tíðum umferðaröngþveiti vegna þess að bílar stoppa um allar trissur. Það þarf að greina þessa staði og merkja bílastæði rækilega og gera aðstöðu til ljósmyndunnar. Þegar kemur að gangandi vegfarendum eru þeir að verða visst vandamál á þjóðvegnum. Stórlega má minnka umferð þeirra með því að beina þeim á aðrar leiðir. Til dæmis má beina umferð gangandi milli Reykjahlíðarþorps og Bjarnarflags um gamla þjóðveginn og milli Voga og Bjarnarflags gegnum Grjótagjá og milli Reykjahlíðar og Voga gegnum Kambinn eftir hitaveituleiðinni, svo mætti áfram telja. Þetta þarf að merkja til að vegfarendur a.m.k. eigi þetta val. Allar slíka möguleika þarf að greina, semja um við landeigendur eftir atvikum og merkja. Þegar kemur að hjólandi vegfarendum er engu líkara en þeir séu ekki til, hvergi gert ráð fyrir þeim og engar leiðir merktar fyrir þá utan þjóðvegarins, sama gildir raunar um hestamenn. Það er óþarfi að bíða eftir slysunum, þau liggja algerlega í loftinu og það er okkar að koma í veg fyrir þau.*

*Lagt fram til kynningar. Nefndin samþykkir að farið verði nánar yfir þessi mál og þau tekin aftur til umræðu á næsta fundi.*

## **3. Deiliskipulag vegna stækkunar Kröfluvirkjunar. Tillaga.**

S20120601

Tekin fyrir að nýju deiliskipulagstillaga vegna stækkunar Kröfluvirkjunar frá Finni Kristjánssyni, Landslagi ehf, f.h. Landsvirkjunar. Tillagan er á tveimur uppdráttum: Uppdrætti A í mkv. 1:10.000 og uppdrætti B í mkv. 1:2.500 og einnig fylgir með greinargerð dags 28. september 2012. Tillagan var tekin fyrir á síðasta fundi nefndarinnar og voru þá gerðar athugasemdir í 6 liðum. Innkomin ný gögn, bréf dags 9. nóvember frá Landsvirkjun þar sem brugðist er við athugasemdum og einnig bárust leiðréttir uppdrættir og greinargerð í tölvupósti 15. nóvember.

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi og leggur til við sveitarstjórn að tillagan, forsendur hennar og umhverfismat verði kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.*

#### **4. Stöng 2. Umsókn um stofnun lóðar**

S20121001

Erindi dags 5. nóvember 2012 frá Sigurði Trausta Kristjánssyni, kt. 020741-3259 Stöng 2, Skútustaðahreppi þar sem hann sækir um að stofnuð verði sérstök lóð undir vélageymslu á jörð hans Stöng 2. Meðfylgjandi er hnitsettur lóðaruppdráttur frá Búgarði GHG.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina.*

#### **5. Umhverfismál í Mývatnssveit. Greinargerð**

S20121102

Skipulagsfulltrúi gerir grein fyrir vettvangsferð í kringum Mývatn og í þéttbýlið í Reykjahlíð sem hann, byggingarfulltrúi, heilbrigðisfulltrúi og slökkviliðsstjóri fóru í 1. október s.l. til að kanna ástand mála, sem heyra undir viðkomandi embætti. Ferðin var farin til að framfylgja samþykktum skipulags- og umhverfisnefndar sem taldi að víða væri þörf á úrbótum í þessum málaflokkum. Lögð fram greinargerð þar sem núverandi ástand er tíundað og bent á úrræði til úrbóta.

*Skipulags- og umhverfisnefnd fagnar framkominni skýrslu sem er þó ekki tæmandi og leggur til við sveitarstjórn að henni verði dreift inn á öll heimili í Mývatnssveit. Jafnframt verði gripið til viðeigandi ráðstafana gagnvart þeim sem í hlut eiga til þess að bæta ásýnd og umhverfi sveitarfélagsins.*

#### **6. Deiliskipulag efnistökusvæðis í Sandskarði sunnan Svarthóls. Umsókn um heimild til að láta vinna deiliskipulag.**

S20121103

Erindi dags. 15. nóvember 2012 frá Árna Gunnarssyni yfirverkefnastóra Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir heimild skipulagsnefndar Skútustaðahrepps til þess að vinna og leggja fram tillögu að deiliskipulagi efnistökusvæðis í Sandskarði sunnan Svarthóls (svæði 377-E í auglýstri tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps) á sinn kostnað sbr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Verkefnið er unnið í samvinnu við og með samþykki landeigenda Voga.

Í 40. gr. skipulagslaga er kveðið á um að taka skuli saman lýsingu á fyrirhuguðum skipulagsverkefnum þar sem fram komi áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi. Landsvirkjun mun taka saman lýsingu og leggja fyrir skipulagsnefnd til samþykktar ef talin verður þörf á. Lýsingin yrði síðan send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar og kynnt almenningi.

*Skipulags-og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að Landsvirkjun verið heimilað að láta vinna umrætt deiliskipulag í samráði við landeigendur. Nefndin telur hins vegar að þar sem allar meginforsendur skipulagsins liggja ekki fyrir í drögum að aðalskipulagi sé nauðsynlegt að láta vinna skipulagslýsingu skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 áður en deiliskipulagstillagan verður tekin til umfjöllunar í nefndinni.*

Fundi slitið